

# VRblaðið

1. tbl. 27. árgangur janúar 2005



Standa þau jafnfætis  
árið 2030?

# Í þessu blaði...

**05** Breytingar á launakjörum

**07** Hvað finnst þér?  
Kannanir VR

**08** Námskeið og fyrirlestrar  
Fjölbreytt úrval námskeiða og fyrirlestra

**14** Jafnréttisstefnan  
Gerum kröfu um jafnrétti á vinnumarkaði

**18** Janus endurhæfing  
Viðtöl við félagsmenn

**22** Guðmundur B. Ólafsson  
Pétur Blöndal ræðir við Guðmund B. lögmann VR

**31** Í sveitasælu um páskana  
Sækið um fyrir 10. febrúar





LEIÐARI

# Erum við að ganga af konum dauðum?

Vandi heimilanna var umfjöllunarefni forseta og biskups í áramóta-ávörpum þeirra og höfðu þeir áhyggur af að fjölskyldur hefðu hvorki tíma til að viðhalda fjölskylduböndum né að ala upp börn. Nýlega var í fréttum að geðlyfjanotkun hefði stóraukist á undanförunum árum og þá aðallega meðal kvenna. Tryggingastærðfræðingar bera nú á borð lífeyrissjóða nýjar tölur um örorkulíkur landsmanna byggðar á nýjum íslenskum örorkutöflum. Þar kemur í ljós að örorka er mun algengari nú en áður og er aukningin mest meðal kvenna. Áður var talið að innan við 15% iðgjalda kvenna rynnu til greiðslna vegna örorku en nú virðist í sumum sjóðum þurfa yfir 50% iðgjalda þeirra í þennan málaflökk. Jafnframt sjáum við í tölum um atvinnuleysi að hlutfallslega fleiri konur eru atvinnulausar en karlar.

Ég tel þetta allt anga af sama meiði. Við erum ekki komin lengra í jafnrétti kynjanna en svo að ábyrgð á heimilum og barnauppleði hvílir ennþá mun meira á herðum kvenna en karla. Á sama tíma gera konur auðvitað kröfur um að standa jafnfætis körlum á vinnumarkaði. Samfélagið krefst vinnuframlags beggja kynja ef við ætlum að njóta sambærilegra lífsgæða og aðrar vestrænar þjóðir.

Dæmin sýna að þetta getur orðið konum ofviða og þær leita aftur heim og þá á örorkubótum. Því verðum við enn að herða baráttuna fyrir jafnréttishugsun inni á heimilunum. Við verðum að laga atvinnulífið að þörfum heimilanna, bæta stuðningsþjónustu hins opinbera við fjölskyldur ásamt því að efla sí- og endurmenntun sem forvörn við kulnun og til að hjálpa fólki aftur út á vinnumarkaðinn hvort sem er eftir veikindi eða tímabundið hlé frá vinnumarkaði vegna umönnunar ungra barna.

Vissulega hefur samfélagið verið að leggja aukna fjármuni í að létta undir fjölskyldum með ung börn í formi niðurgreiddra dagvistunarúrræða, nýju fæðingarorlofskerfi o.fl. En betur má ef duga skal. Væri þessum fjármunum sem fara í aukin geðlyf, örorku- og atvinnuleysisbætur ekki betur varið til forvarna og stuðnings við fjölskyldur? ■

GPP

Ábyrgðarmaður: Gunnar Páll Pálsson Ritsstjóri: Anna Björg Siggeirsdóttir Umbrot og útlit: Tómas Bolli Hafþórsson Ljósmyndir: Gunnar Kristinn Prentun: Oddi. Upplag: 19.300

Stjórn VR: Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefánía Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari. Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarnís Lárusdóttir, Einar Karl Birgisson, Gunnar Böðvarsson, Kolbeinn Sigurjónsson, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Torfadóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Baldursdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson.

Varamenn: Eyrún Ingvaldsdóttir, Jón Magnússon og Þorlákur Jóhannsson. Stjórn Orlofsjóðs VR: Benedikt Vilhjálmsson, Valur M. Valtýsson, Bjarnís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Sigurður Sigfússon, Sigrún Baldursdóttir og Steinar J. Kristjánsson. Til vara: Margrét Torfadóttir, Einar Karl Birgisson. Stjórn Sjúkrasjóðs VR: Gunnar Páll Pálsson formaður, Kolbeinn Sigurjónsson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Lykke Bjerre Larsen, Sigurður Sigfússon. Til vara: Jón Magnússon, Bjarnís Lárusdóttir. Framkvæmdastjórn Fræðslusjóðs VR: Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Baldursdóttir, Bjarnís Lárusdóttir, Margrét Torfadóttir, Einar Karl Birgisson.

Nú komast allir að!



Þú þarft ekki að vera fullgildur félagsmaður VR til að fá aðgang að Mínun síðum á vef VR. Nú geta allir sem greitt hafa félagsgjöld til VR á síðustu tólf mánuðum sótt um lykilorð inn á Mínar síður á vefnum. Þar eru birtar upplýsingar um greidd félagsgjöld og þá þjónustu sem þú hefur sótt til félagsins. Fullgildir félagsmenn sjá að auki inneign sína í sjóðum VR, t.d. sjúkrasjóði og fræðslusjóði. Til að komast inn á Mínar síður þarftu að sækja um aðgang af heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is). Lykilorðið verður sent á lögheimili þitt.

## Í BRENNIDEPLI

# Færri gjaldþrot

Um 40% fækkun innheimtumála á milli ára



Verulega fækkun varð á fjölda innheimtumála hjá VR á árinu 2004 miðað við árið á undan. Iðgjöld til félagsins hafa hækkað töluvert á milli ára og félagsmönnum á atvinnuleysiskrá hefur fækkað. Allt eru þetta vísbendingar um betra árferði.

### Færri gjaldþrot

Árið 2003 var reyndar metár í fjölda mála, ekki síst vegna gjaldþrots Útgáfufélagsins DV á síðari hluta þess árs. Engu að síður er ljóst að málum hefur fækkað, alls komu um 850 máls til kasta kjarasviðs VR árið 2004 sem er um 40% fækkun frá árinu á undan. Mun færri mál komu upp vegna gjaldþrota og er það skýr vísbending um aukna greiðslugetu fyrirtækja. Mál sem koma til meðferðar hjá VR eru einkum innheimtumál vegna vangoldinna launa en einnig samskiptamál á vinnustöðum, ágreiningur og ýmislegt sem varðar réttindi félagsmanna.

### Fækkun á atvinnuleysiskrá

Formaður VR, Gunnar Páll Pálsson, segir fleiri vísbendingar um góðæri en fækkun innheimtumála. Félagsmönnum á atvinnuleysiskrá fjölgaði jafnt og þétt frá upphafi árs 2001 fram á mitt ár 2003. Frá þeim tíma stóð fjöldi atvinnulausra í stað fram undir lok síðasta ár þegar þeim fór að fækka aftur. Í desember síðastliðnum voru 18% færri VR félagar skráðir atvinnulausir en í sama mánuði árið 2003. ■

WWW.VR.IS

# Bókaðu og borgaðu á netinu



Frá og með 3. febrúar 2005 geta fullgildir félagsmenn sjálfir bókað orlofshús og gengið frá greiðslu fyrir leiguna á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is) Ekki er hægt að bóka hús á netinu á þeim tíma árs þegar orlofshúsum er úthlutað, þ.e. fyrir sumarið bæði á Íslandi og á sólarströndum erlendis og fyrir páskana.

## Hvernig á að bóka hús?

Til að bóka orlofshús á vefnum þarftu að fara inn á heimasíðuna, [www.vr.is](http://www.vr.is) og smella á síðuna Orlofshús. Þar undir er síða sem heitir Sækja um orlofshús. Þarna má sjá hvenær orlofshús eru laus á hverjum stað fyrir sig. **Athugaðu** að til að bóka orlofshús yfir helgi þarf að bóka frá föstudegi til sunnudags.

Ganga þarf frá greiðslu með greiðslukorti innan fimm mínútna frá bókun að öðrum kosti fellur bókunin úr gildi. Hægt er að prenta út staðfestingu á bókun og greiðslu beint af netinu en einnig er staðfesting send í tölvupósti á það tölvupóstfang sem skráð er á viðkomandi í félagakerfi VR. Leigusamningurinn verður sendur í pósti á lögheimili eða aðsetur eins og það er skráð í félagakerfinu. Þjónustuver VR veitir frekari upplýsingar og aðstoð í síma 510 1700. ■

## Breytingar á launakjörum árinu

Breytingar sem verða á kjarasamningum þeim sem VR gerir við sína viðsemjendur, Félag íslenskra stórkaupmanna (FÍS) og Samtök atvinnulífsins (SA) verða eftirfarandi á árinu:

### Kjarasamningur VR og SA

- Öll laun og aðrir kjaratengdir liðir hækka um 3% frá og með 1. janúar sl.
- Desemberuppbót á árinu 2005 verður kr. 45.000 miðað við fullt starf allt árið.
- Orlofsuppbót fyrir orlofsárið 2004-05 (kemur til greiðslu á þessu ári) verður kr. 16.500 miðað við fullt starf allt orlofsárið.
- Frá 1. janúar sl. hækkar framlag atvinnurekanda í samtryggingarlífeyrissjóð úr 6% í 7%. Á sama tíma fellur niður skylda til að greiða 1% fast í séreignarsjóð óháð framlagi starfsmanns.

### Kjarasamningur VR og FÍS

- Laun starfsmanna, sem eru á mánaðarlaunum undir kr. 200.000 fyrir fullt starf í dagvinnu, skulu hækka um kr. 5.000 frá og með 1. janúar sl.
- Desemberuppbót á árinu 2005 verður kr. 60.000 miðað við fullt starf allt árið.
- Frá 1. janúar sl. hækkar framlag atvinnurekanda í samtryggingarlífeyrissjóð úr 6% í 7%. Á sama tíma fellur niður skylda til að greiða 1% fast í séreignarsjóð óháð framlagi starfsmanns.

kjarasamál

## Morgunfundir

Hvað liggur þér á hjarta?



VR hefur síðastliðin ár boðið félagsmönnum til morgunverðar til að ræða málin. Með þessu vill félagið koma til móts við óskir og ábendingar félagsmanna og stuðla að meiri samheldni og virkni innan félagsins. Hugmyndin er sú að færa félagið nær félagsmönnum og komast að því hvað brennur helst á fólki hverju sinni og fá þar með hugmyndir að nýrri og bættri þjónustu. Fundirnir hefjast kl. 8:30 og standa til kl. 10.

**Næstu fundir verða haldnir sem hér segir:**

### Febrúar

11., 17., 18., 24. og 25.

### Mars

10., 11., 17., 18. og 31.

### Apríl

1., 7., 8., 14., 15., 22., 28. og 29.

### Máí

6., 12., 13., 19., 20., 26. og 27.

Nánari upplýsingar á [www.vr.is](http://www.vr.is) og skráning er í þjónustuveri VR í síma 510 1700.



## FÉLAGSMÁL

# Nýársfundur VR 2005

Innri mál félagsins voru til umfjöllunar á árlegum nýársfundi VR þann 13. janúar sl. Fundinn sátu stjórn, trúnaðarráð og trúnaðarmenn á vinnustöðum auk starfsmanna. Kynntur var framboðslisti stjórnar og trúnaðarmannaráðs fyrir næsta starfsár og auglýst hefur verið eftir mótframboðum. Stiklað var á stóru um starfsemina á fundinum. Vel gekk á síðasta ári sem var ár kjarasamninga. Þó eru blikur á lofti um uppsögn samninganna í haust ef forsendur standast ekki. Vel hefur gengið í kynningarmálum og hafa auglýsingar ársins vakið fólk til umhugsunar um stöðu eldra fólks á vinnumarkaði og nú síðast um störf afgreiðslumanna. Málum til afgreiðslu á kjarasviði félagsins hefur fækkað verulega á árinu sem er vonandi merki um betri tíð. Félagsmönnum hefur fjölgað um 3,8% á árinu og laun þeirra hafa hækkað um 7,8% milli ára. Samhliða þessu eru iðgjöld til félagsins að aukast. Ekki er það stefnan að safna sjóðum og því þarf að huga að aukinni þjónustu við félagsmenn. Starfsemi félagsins er sífellt í endurskoðun og voru nýjar hugmyndir um breytta þjónustu reifaðar á fundinum. Þær eru enn á hugmyndastigi en verða kynntar félagsmönnum með vorinu ef af verður. ■

## KANNANIR VR

# Hvað finnst þér?

## Stærsta könnun á starfsskilyrðum og launamálum á íslenskum vinnumarkaði

Starfsskilyrði, launakjör og samskipti á vinnustað eru veigamiklir þættir í líðan okkar. Í byrjun febrúar fer VR af stað með sínar árlegu kannanir á fyrirtæki ársins og launum félagsmanna.

### Fyrirtæki ársins

VR hefur staðið fyrir könnun á fyrirtæki ársins undanfarin níu ár og er þetta stærsta könnun á starfsskilyrðum sem gerð er á íslenskum vinnumarkaði. Fyrirtæki geta óskað eftir því að allir starfsmenn, hvort sem þeir eru félagsmenn í VR eða ekki, fái senda könnun og sjá æ fleiri sér hag í því. Á síðasta ári fengu yfir fimmtán þúsund manns könnun og í ár eru þeir yfir nítján þúsund. Í könnuninni um Fyrirtæki ársins er spurt um starfskjör og starfsumhverfi, samskiptamál og starfsanda. Niðurstöðurnar eru starfsmönnum mikilvægar til að meta sinn eigin vinnustað og bera hann saman við aðra.



Hvað varðar fyrirtækin veitir þessi könnun þeim mikilvægar upplýsingar um veikleika þeirra og styrkleika og hvað betur má fara á vinnustaðnum.

### Launakönnun

Einungis fullgildir félagsmenn VR taka þátt í launakönnuninni en niðurstöðurnar sýna hver raunveruleg laun eru fyrir ákveðin störf, þ.e. markaðslaun. Félagsmenn geta auðveldlega borið saman launakjör innan ákveðinna



Hagvanger og Medcare, sigurvegarar frá árinu 2004

starfsstétta eða atvinnugreina og launaþróun á milli ára. Launakönnun VR gegnir lykilatriði í undirbúningi fyrir launaviðtalið sem allir félagsmenn hafa kjarasamningsbundinn rétt á einu sinni á ári.

### Frestur til 7. mars að taka þátt

Kannanirnar eru sendar út í byrjun febrúar. IMG Gallup sér um framkvæmdina og úrvinnslu niðurstaðna, líkt á á síðasta ári. Hringt verður í félagsmenn og þeim boðin þátttaka, nema þá sem veittu samþykktu sitt á síðasta ári. Þátttakendum stendur til boða að taka þátt á netinu eða fá spurningaeyðublað sent heim. Frestur til að svara er til og með 7. mars.

### Hvenær verða niðurstöður kynntar?

Fullgildir félagsmenn fá báðar kannanir sendar samtímis en niðurstöðurnar verða kynntar sitt í hvoru lagi, niðurstöðurnar í fyrirtæki ársins í maí en launakönnunarrinnar í september. ■



## Áttu rétt á fræðslustyrk?



Félagsmenn VR geta sótt um fræðslustyrk úr Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks og Starfmenntasjóði verslunarinnar.

Fræðslustyrkirnir nema allt að helmingi námskeiðsgjalda, en upphæðin fer eftir stigaeign hvers félagsmanns.

Skilyrði fyrir styrk er að félagsmaður sé greiðandi til VR þegar sótt er um styrkinn og til að fá hann afgreiddan þarf að framvísa greiðslukvittun og fylla út umsóknareyðublað.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í þjónustuveri VR í síma 510 1700 og á heimasíðunum [www.vr.is](http://www.vr.is) eða [www.starfsmennt.is](http://www.starfsmennt.is)

## FRÆÐSLA

# Námskeið 2005

Hvert námskeið kostar kr. 20.500 og geta félagsmenn sótt um styrki í sjóðina og fengið allt að helming endurgreiddan. Þar að auki niðurgreiðir VR eitt námskeið per önn um kr. 5.000 svo raunkostnaður er kr. 5.250 miðað við að félagsmaður eigi fullan rétt hjá sjóðunum. Skráning fer fram í síma 525 4444 og á heimasíðunni [www.endurmenntun.is](http://www.endurmenntun.is).

### Að takast á við erfiða viðskiptavinum

Það getur reynt á þolinmæði starfsmanna þegar stressaður, ergilegur viðskiptavinur kemur á vinnustaðinn. Boðið verður upp á fyrirlesturinn: **Að takast á við erfiða viðskiptavinum, sérstaklega fyrir verslunarmenn, miðvikudaginn 9. febrúar kl. 12-13** á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Tilgangurinn með fyrirlesturinum er að styrkja afgreiðslumenn í bregðast við óvæntum uppákomum pirraðra viðskiptavina og er þáttur í herferinni virðing fyrir verslunarmönnum. Fyrirlesari er Eypór Eðvarðsson, MA í vinnusálfræði. Boðið verður upp á léttar veitingar. **Skráning í þjónustuveri VR í síma 510 1700 og [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is)**

### Að semja um launin I - Kennt í EHF

Samkvæmt kjarasamningum VR eiga félagsmenn rétt á árlegu viðtali við vinnuveitendur um laun og starfskjör. Á námskeiðinu eru kynntar leiðir til að leggja mat á vinnuframlag sitt, styrk sinn og veikleika. Kennar verða mismunandi aðferðir í samningatækni, hvernig á að undirbúa launaviðtal á árangursríkan hátt og hvernig hægt er að fylgja eftir niðurstöðum þess.

**Kennari:** Vilmar Pétursson M.Sc. í evrópustjórnun og stjórnendabjálfa hjá IMG Deloitte, auk starfsmanna VR.

**Tími:** Mið. 9. og fim. 10. feb. kl. 18:30-21:30.

### Framkomunámskeið með Eddu Björgvins - Kennt í EHF

Ætlað þeim sem vilja efla framkomu sína fyrir framan stærri sem smærri hópa af fólki og losna við feimni. Á námskeiðinu auka þátttakendur færni sína í að koma fram af öryggi fyrir framan hóp af fólki og treysta á eigið ágæti. Þeir öðlast betri skilning á eigin kvíðaviðbrögðum og læra að stjórna sviðsskrekki og ótta. Þátttakendur halda ræður og fá endurgjöf á framkomu sína frá þjálfara og öðrum þátttakendum. **Kennari:** Edda Björgvinsdóttir, leikkona og þjálfari hjá Þekkingarmiðlun ehf.

**Tími:** Fim. 10. og 17. mars kl. 18:30-21:30.



## FYRIRLESTRAR

# Fyrirlestraröð VR

VR býður uppá fjölbreytta hádegisfyrirlestra í vetur

Í vetur verður mánaðarlega boðið upp á klukkutíma hádegisfyrirlestra þar sem ýmsir sérfræðingar segja frá áhugaverðum mállefnum, rannsóknum ýmiskonar og miðla sérþekkingu sinni. Fyrirlestrarnir eru öllum opnir og ókeypis. Þeir verða haldnir kl. 12-13 í húsnæði VR í Húsi verslunarinnar á 0. hæð. Skráning er hjá þjónustuveri VR í síma 510 1700 eða á [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is).

**17. febrúar 2005**

### Hefur átröskun áhrif á vinnu?

Einkenni, áhrif og afleiðingar

**Fyrirlesari:** Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, formaður Spegilsins.is, sem eru hagsmuna-, forvarna- og fræðslusamtök um átröskunarsjúkdómanna Anorexiu og Bulimiu Nervosa.

Hafa átröskunarsjúkdómar áhrif á vinnu fólks?

Hver eru einkenni og afleiðingar þessara sjúkdóma? Er fólk á öllum aldri og báðum kynjum að fá þá eða bara unglingsstúlkur? Hvaða ráð eru til að fyrirbyggja þessa sjúkdóma og takast á við þá?

**10. mars 2005**

### Að takast á við frestun og öðlast framkvæmdagleði

**Fyrirlesari:** Ingrid Kuhlman, ráðgjafi og framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar.

Í fyrirlestrinum verður farið í helstu ástæður frestunar, ásamt áhrifaríkum leiðum til að sigrast á frestunaráráttu. Fyrir marga er frestun slæm venja eða viðhorf sem dregur úr framleiðni, eykur streitu og hefur neikvæð áhrif á starfsframa þeirra.

**14. apríl 2005**

### Vaktavinna og heilsa

**Fyrirlesari:** Halla Jónsdóttir, M.Sc. í vinnusálfræði og ráðgjafi hjá IMG Deloitte.

Fjallað verður um áhrif vaktavinnu á líkamlega og andlega heilsu. Rætt verður um þær leiðir sem hægt er að fara til að lágmarka neikvæð áhrif slíks vinnufyrirkomulags. Þessi fyrirlestur er fyrir alla sem vinna vaktavinnu og vilja láta sér líða vel með það fyrirkomulag.



Svafa Grönfeldt á fyrirlestri hjá VR



## FRÆÐSLA

# Verzlunarnám

## Nýtt starfsnám fyrir verslunarmenn

Starfsnám fyrir verslunarmenn hófst í Verzlunarskóla Íslands á nýbyrjuðu ári. Um er að ræða tilraunanám sem SVP - Samtök verslunar og þjónustu, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, VR og Verzlunarskóli Íslands hafa unnið að. Um 20 nemendur eru skráðir í námið á vorönnina.

### Hvernig nám?

Námið er samstarfsverkefni starfsmanns, vinnuveitanda og skóla. Það fer fram í skóla og á vinnustað starfsmanns og er staðfest með skriflegum samningum. Námið er sérhannað fyrir almennt starfsfólk í verslunum sem vill afla sér aukinnar þekkingar og fagmennsku en einnig er því ætlað að uppfylla þarfir verslunareigenda sem hafa bent á að skortur sé á sérhæfðu fagnámi á sviði verslunar og þjónustu. Námið beinist ekki sérstaklega að verslunarstjórn, en þó eiga starfsmenn að loknu námi að hafa faglegar forsendur til að taka að sér aukna ábyrgð og verkefnisstjórnun á ýmsum sviðum verslunar.

Markmiðið er að auka verslunarfærni starfsfólks, meðal annars þjónustuvitund, vörubekkingu, verkunnáttu og almenna fagþekkingu á sviði verslunar og þjónustu. Auk þess er náminu ætlað að auka metnað og virðingu verslunarfólks fyrir þeim störfum sem það gegnir. Verslunarfagnám er starfsnám sem miðar að því að skapa fagmenntaða og metnaðarfulla verslunarstétt, ætlað fólki á öllum aldri sem vinnur í verslun og hefur starfað þar í að minnsta kosti eitt ár.

### Uppbygging

Námið dreifist á 1 og 1/2 ár og skiptist í þrjár lotur, sem hver tekur 13 vikur. Námið er skilgreint sem sjálfstætt 51 eininga starfsnám á framhaldsskólastigi. Þeir sem hafa lokið því og hyggja á bóknað til stúdentsprófs geta fengið námið metið, skv. nánari reglum. Þess má geta að lögð er áhersla á verkefnavinnu í stað hefðbundinna prófa.

Námið skiptist í fjögur færnisvið auk lokaverkefnis.

### Verzlunarfærni

Fjármál, hugmyndafræði, viðskiptavinurinn, vinnubrögð, vinnustaðurinn og vörur.

### Persónulega færni

Samvinna, siðfræði, sjálfsþekking og námstækni, sveigjanleiki.

### Almenna undirstöðufærni

Fagenska, hagnýtar raungreinar, tjáning og framkoma, upplýsingaleikni, verslunarreikingur.

### Sérstaka færni

Sérsvið sem hver nemandi velur sér.

Sjá upplýsingar um inntökuskilyrði og fleira á [www.verslunarfagnam.is](http://www.verslunarfagnam.is)

SEX ÁVINNINGAR

# ...af því að taka þátt í könnunum VR

Þá veistu hvar er skemmtilegast að vinna.



Þú getur borið laun þín saman við laun sem greidd eru fyrir sambærileg störf.

Þú sérð svart á hvítu þau laun sem raunverulega er verið að greiða fólki á vinnumarkaði.

Kannanirnar eru fyrirtækjum dýrmætur mælikvarði um frammistöðu þeirra í starfsmannamálum.



Kannanirnar eru ómetanlegt tæki í starfsmanna- og launaviðtalinu.



Gefa til kynna launabreytingar milli ára og sýna launamun milli kynja.

## VR fræðsla í skólum landsins



Þrátt fyrir verkföll og tafir á skólastarfi í vetur höldum við ótrauð áfram að kynna 10. bekkingum og framhaldsskólanemum réttindi á vinnumarkaði. Alma Rún Rúnarsdóttir, nemandi í viðskiptalögfræði á Bifröst, sinnir fræðslunni í vetur. En þetta er orðinn fastur punktur í mörgum skólum á höfuðborgarsvæðinu. Á síðasta skólaári sóttu hátt á annað þúsund nemendur fræðsluna í alls 28 skólum. Alma Rún tekur við pöntunum frá skólunum á netfanginu [alma@vr.is](mailto:alma@vr.is)

## Í BRENNIDEPLI

# Er ekkert heilagt lengur?

VR mótmælir harðlega hugmyndum um breyttan opnunartíma verslana



VR hefur formlega mótmælt nýlegu frumvarpi dómsmálaráðherra um breytingar á opnunartíma verslana, ekki síst þar sem ekki var haft samráð við stéttarfélag verslunarfólks við gerð þess. Í nefndinni sem samdi frumvarpið sat enginn fulltrúi verslunarmanna, þess fólks sem á að vinna á þessum dögum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að verslanir sem uppfylli ákveðin skilyrði megi hafa opið föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag. Þessi heimild nái til matvöruverslana með verslunarrými undir 600 fermetrum þar sem a.m.k tveir þriðju hlutar veltunnar er sala á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki.

Komi þetta til framkvæmda verður einungis skylt að hafa verslanir lokaðar frá kl. 18 á aðfangadag til kl. 6 að morgni annars í jólum. Nú þegar er opnunartími á Íslandi einna frjálssastur landa hins vestrænna heims og Íslendingar vinna einna mest. Vinnuvikan er lengst í smásölu af öllum atvinnugreinum samkvæmt könnunum VR eða 47,5 klst. á síðasta ári. Lengri vinnutími mun helst bitna á fastastarfsmönnum í verslunum og er nú nóg komið að okkar mati.

VR hefur sent skrifleg mótmæli til dómsmálaráðherra vegna þessara hugmynda og þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við val í nefndina. Nefndin var eingöngu skipuð fulltrúum dómsmálaráðuneytisins, Biskupsstofu og Samtaka verslunar og þjónustu sem eru hagsmunasamtök atvinnurekenda. Það hlýtur að vera krafa okkar að stjórnvöld sýni launafólki þá virðingu að ræða við það eða fulltrúa þess um svo viðamiklar breytingar í atvinnulífinu sem hér er verið að leggja til. ■



Éfri röð f.v. Rannveig Rögnvaldsdóttir, Snorri Kristjánsson og Þorgrímur Guðmundsson. Fremri röð f.v. Laufey Eydal, Guðrún Erla Hafsteinsdóttir, Gerður Hlööversdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Hansína Gísladóttir, Þórunn Jónsdóttir og Anna J. Sævarsdóttir. Á myndina vantar Árna Leósson, Rósmarý Úlfarsdóttur og Heiðu B. Tómasdóttur.

## KYNNING

# Þjónustuver VR

## Nýtt og glæsilegt þjónustuver VR

Það er glædlegur hópur fólks sem myndar þjónustuver VR og hefur nógu að sinna en um 360 símtöl berast daglega til VR að meðaltali. Fjöldi félagsmanna í hús er ærið misjafn en ætla má að um 85 manns sinni erindum sínum á skrifstofu VR á degi hverjum. Þjónustuverið er tvískipt, annars vegar á Akranesi en þar fer mestöll símsvörun fram og hins vegar í Reykjavík þar sem móttaka félagsmanna fer fram. Félagsmenn VR á Akranesi geta sótt þjónustuna að mestu leyti á skrifstofuna á Akranesi. Starfsfólkið í þjónustuverinu sinnir meirihluta allra fyrirspurna hvort heldur er í síma eða á skrifstofunni. Flóknari málum vísa þeir svo áfram til sérfræðinga hvers málaflokks fyrir sig.

### Að auka þjónustustigið

Tilgangur og markmið með stofnun þjónustuversins er fyrst og fremst að auka þjónustustig VR með því að flýta svörun einfaldra fyrirspurna og fækka þeim aðilum sem félagsmenn þurfa að eiga samkipti við. Fulltrúar í þjónustuveri eiga að geta veitt allar almennar upplýsingar í öllum málaflokkum. Þá er stefnt að betri símaþjónustu með styttri símtölum og að 70% fyrirspurna í síma verði afgreidd strax án símtalsflutnings. Með þessu minnkar álag á sérfræðinga og þeir fá betri tíma til að ljúka verkefnum sínum. Með þessu móti vonumst við til þess að komast sífellt nær því að uppfylla betur væntingar og óskir félagsmanna VR. Forstöðumaður þjónustusviðs er Árni Leósson. ■



Símsvörun fer fram á Akranesi. F.v.: Júnía Þorkelsdóttir, Sigrún Esther Guðmundsdóttir, Málfríður Þorkelsdóttir og Sigrún Svava Gísladóttir. Á myndina vantar Dóru Björk Scott.



## Í BRENNIDEPLI

# Jafnréttisstefna VR 2005

Enn er langt í land að jafnrétti ríki á vinnumarkaði. Hvað sem líður landslögum og undirrituðum kjarasamningum eru karlar með 15% hærri laun en konur fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, samkvæmt launakönnun VR frá í fyrra. Eru einhver öfl á vinnumarkaði sem vinna gegn launajafnrétti kynjanna eða eru það okkar eigin viðhorf sem standa í veginum?

VR gerði jafnréttisstefnu árið 2000 sem hefur hefur verið endurskoðuð árlega. Í ljósi þess að hægt hefur gengið að brúa launabilið hefur hún nú verið gerð beinskeyttari og samhliða hefur verið unnið að aðgerðaáætlun. Stjórn VR hefur samþykkt að þema ársins 2005 verði jafnrétti. Fjármagn verður lagt í auglýsingar og markviss umfjöllun verður allt árið um leiðir til að ná markmiðum okkar. Jafnrétti á vinnumarkaði er krafa okkar fyrir hönd komandi kynslóða.

VR stefnir markvisst að jafnrétti á vinnumarkaði óháð aldri, kyni, kynhneigð, þjóðerni, litarafti, trú eða stjórnmalaskoðunum. Félagið vill að tryggt sé að 14. grein jafnréttislaga sé virt þ.e. konum og körlum séu greidd jöfn laun og þau njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þá leggur félagið áherslu á að styrkja stöðu eldra fólks, fatlaðra og nýbúa á vinnumarkaði.

### Helstu áherslur VR í jafnréttismálum eru:

#### I. Sömu laun fyrir sömu vinnu

1. Fyrirtæki greiði konum og körlum sömu laun fyrir sömu vinnu. Laun skulu endurspegla vinnuframlag, hæfni, menntun og færni viðkomandi starfsmanns svo og innihalds starfsins og þá ábyrgð sem því fylgir. Launakönnun VR er mikilvægt tæki við ákvörðun launa.
2. Konur geri sömu launakröfur og karlar.
3. Dagvinnulaun hækki og yfirvinna minnki.

#### II. Fjölgun kvenna í ábyrgðar- og stjórnunarstöðum

1. Fyrirtæki ráði konur í ábyrgðar- og stjórnunarstöður til jafns á við karla.
2. Konur sæki um ábyrgðar- og stjórnunarstöður.

#### III. Mikilvægi menntunar

1. Fyrirtæki efla fræðslu og tryggi að allir starfsmenn hafi jöfn tækifæri til endurmenntunar, starfsþjálfunar og námsleyfa.
2. Konur sæki sér í auknum mæli menntun til hefðbundinna karlastarfa



og karlar til hefðbundinna kvennastarfa.

3. Eldra starfsfólk sækja sér starfstengda endurmenntun til að efla stöðu sína á vinnumarkaði.

4. Nýbúar sækja sér menntun í íslensku til að auka hæfni sína í íslensku atvinnulífi.

#### IV. Jöfn ábyrgð á fjölskyldu og heimili

1. Karlar taki ábyrgð á fjölskyldu sinni og heimili til jafns á við konur, s.s. nýti sér rétt til fæðingarorlofs og leyfis vegna veikinda barna.

2. Starfsmönnum verði auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

3. Samningar á vinnumarkaði kveði á um styttri og sveigjanlegri vinnutíma sem geri fólki kleift að samræma þarfir fjölskyldu sinnar og atvinnu.

4. Skipulag skólakerfisins verði lagað að þörfum fjölskyldu og atvinnulífs.

#### V. Jöfn aðstaða á vinnumarkaði

1. Fyrirtæki móti skýra stefnu í samskiptamálum s.s. aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni og öðru ofbeldi á vinnustað.

2. Gott aðgengi og aðbúnaður fatlaðra starfsmanna sé tryggður á vinnustöðum.

3. Starfsfólki verði auðvelduð starfslok, t.d. með möguleikum á hlutastörfum, lengra sumarleyfi og fræðslu um starfslok. ■

## Starfandi varaformaður



fréttir

Þær breytingar hafa orðið á skipulagi VR að Stefánía Magnúsdóttir varaformaður er frá áramótum starfandi á skrifstofu VR í hlutastarfi. Meginverkefni hennar verður að sinna þeim skyldum félagsins að sitja í nefndum og ráðum. Stefánía hefur verið varaformaður í fjögur ár og setið í stjórn í fimmtán ár. Hún er menntaður kennari og ferðafræðingur og starfaði síðast hjá Amadeus Ísland hf. sem sér um Amadeus ferðabókunarkerfið á Íslandi. Þar sá hún um kennslu og innleiðingu á ýmsum nýjungum í tengslum við kerfið.



ORLOF

# Kríli og síli í útlöndum

Með fjölskyldunni á sólarströnd



Hanna Þórunn Skúladóttir starfar sem ráðgjafi í mannauðsstjórnun og er í MBA námi í HÍ. Það er því í nógu að snúast hjá henni þessa dagana. Hún gaf sér þó tíma í stutt spjall um dvölinu í sólinni í fyrrasumar en hún fór til Calpe í júlí á vegum VR með fjölskyldu sinni.

Hanna sagði fjölskylduna hafa verið mjög ánægða með dvölinu í Calpe, hótelin sem VR bauð uppá eru rétt við sjóinn. „Við fórum alla morgna á ströndina með krakkana,“ sagði Hanna, en þau eru Védís Vaka 7 ára og Vésteinn Veigar 2ja ára. „Við keyptum háfa og fötur fyrir krakkana til að veiða síli og krabba sem þau dunduðu sér við að safna og skemmtu sér konunglega við þá iðju.“ Hanna sagði þau hafi oft rölt í gamla bæinn eftir hádegið með krakkana í kerru og á allan hátt haft það mjög notalegt. Hótelíð var eins og best verður á kosið, ströndin hrein, bærinn fallegur og veðrið frábært. „Það eina sem ég myndi ekki mæla með,“ sagði Hanna brosandi „er að klifra upp á Ífach klettinn í sandöllum.“ En það gerði maðurinn hennar, Kristján Þór Hallbjörnsson. „Hann komst þó alla leið upp og niður aftur heill á húfi, enda vanur göngugarpur. Ég vil samt benda fólki á að vera vel skoáð og lesa vel skiltin á leiðinni.“ Aðspurð um hvort hún ætli aftur á vegum VR í sólarferð, sagði Hanna: „Já örugglega, ef við fáum úthlutað aftur seinna.“ ■



## ORLOF

# Enn pláss í sólina í sumar

Calpe, Krít og Mallorca



VR blaðið hitti fyrir tvo félagi við sundlaug á Calpe sl. sumar, þá Óla Þór og Hilmar Benedikt og tók þá tali. Aðspurður um hvernig þeim fyndist veran á Calpe sagði sá yngri glaður í bragði; „Mér finnst bara eins og ég hafi alltaf átt heima hérna.“

Enn er eitthvað laust af orlofsíbúðum í Calpe og Mallorca á Spáni og á Krít. Boðið er upp á íbúðir á hótélunum Apolo, Amatista, og Rubino í Calpe, íbúðahótelíð Helios á Agia Apostoli á Krít og hótelíð Alcudia Pins í Alcudia á Mallorca. Íbúðirnar eru allar afar glæslegar og vel búnar. Um 160 VR fjölskyldur dvöldu á Calpe sl. sumar í góðu yfirlæti og var almenn ánægja með aðbúnaðinn þar. Aðstaðan á þeim hótélum sem við völdum fyrir félagsmenn á Krít og Mallorca er í sama gæðaflokki og á Calpe. Við eigum því von á að félagsmenn geti haft það verulega notalegt í sólinni í sumar.

Nánari upplýsingar um Calpe hjá Sumarferðum á [www.sumarferdir.is](http://www.sumarferdir.is) eða í síma 575 1515, um Mallorca hjá Heimsferðum á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is) og í síma 595 1000 og um Krít hjá Úrval-Útsýn á [www.uu.is](http://www.uu.is) og í síma 585 4000, auk þess er upplýsingar að finna á [www.vr.is](http://www.vr.is) ■

## Verðlisti



orlofsferðir

Innifalið í þessum verðum er; flug, flugvallaskattar og gisting í hálfan mánuð pr. mann

|    | Fjöldi í íbúð | Calpe | Mallorca | Krít  |
|----|---------------|-------|----------|-------|
| A3 | 8             | 39860 |          |       |
| A3 | 7             | 45500 |          |       |
| A3 | 6             | 51200 |          |       |
| A2 | 6             | 40600 | 49400    | 59700 |
| A2 | 5             | 45600 | 53500    | 61600 |
| A2 | 4             | 50800 | 59600    |       |
| A1 | 5             |       |          | 56400 |
| A1 | 4             | 45600 | 54800    | 57200 |
| A1 | 3             | 48700 | 63300    | 64500 |
| A1 | 2             | 62900 | 79500    | 71600 |

### Íbúðaskipan á Calpe og Mallorca

|                     |                                        |
|---------------------|----------------------------------------|
| A1                  | 2 fullorðnir + 2 börn eða 3 fullorðnir |
| A2                  | 4 fullorðnir + 2 börn eða 5 fullorðnir |
| A3 (eingöngu Calpe) | 6 fullorðnir + 2 börn eða 7 fullorðnir |

### Íbúðaskipan á Krít

|                                             |
|---------------------------------------------|
| B1 hámark 5 manns í íbúð.                   |
| Fimmti í íbúð þarf að vera yngri en 12 ára. |
| B2 hámark 6 manns í íbúð.                   |
| Sjötti í íbúð þarf að vera yngri en 12 ára. |

**Janus – endurhæfing** er fyrirtæki sem vinnur að því að flýta endurkomu á vinnumarkað eftir veikindi eða slys. VR ákvað til reynslu að styrkja tíu félagsmenn, sem áður höfðu verið á Sjúkrasjóði VR, til endurhæfingar hjá Janus í þrjú mánuði á sl. ári. Meðferðin hjá Janus byggist á ráðgjöf, fræðslu, þjálfun og kennslu og þar starfa iðjubjálfi, félagsráðgjafi, sjúkraþjálfari, endurhæfingarlæknir, geðlæknir og sálfræðingur ásamt fleirum. Hugmyndin að baki starfseminni er að snúa við þróun síðustu ára, en sífellt fjölgun er á örorkulífeyrisþegum hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna sem og öðrum sjóðum. Halldór Björnsson og Sigurlaug Hrafnadóttir eru bæði í VR. Þau voru svo heppin að komast í fyrsta hópinn hjá Janus og segja hér frá reynslu sinni.



## JANUS - endurhæfing

# Erfitt að vera komin í þrot

### Draumurinn er að komast aftur út á vinnumarkaðinn

Sigurlaug Hrafnadóttir hefur verið þátttakandi í Janus-prógramminu í nokkra mánuði. Fyrst bauð VR henni að taka þátt til þriggja mánaða, en það síðan framlengt í heilt ár, sem er tilraunaverkefni á vegum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Hún er fyrsti félagsmaður VR sem fær tækifæri til þess að nýta sér þessa þjónustu yfir svo langt tímabil.

#### Greindist með liðagigt

Sigurlaug er rúmlega fertug og var greind með liðagigt fyrir sjö árum. Hún hefur alla tíð unnið langan vinnudag og mikla erfiðisvinnu, nú síðast starfaði hún hjá heildverslun. Eftir að hún greindist með liðagigt streittist hún við og hélt áfram að vinna þrátt fyrir verkina, eins og sönnum íslenskum harðjökulum sæmir. Hún segist hafa verið mjög kvalin oft á tíðum og á endanum neyddist hún til að hætta að vinna og endurskoða hlutina. Hún byrjaði á sjúkraþjálfun og fljótlega eftir það tók hún

ákvörðun um að snúa blaðinu algjörlega við. „Vinna í sjálfri sér“, eins og hún orðar það.

#### Þjálf sig á nýjan starfsvettvang

Hún viðurkennir að erfiðast hafi verið að sætta sig við að vera komin í þrot, það sé jú svo ríkt í öllum að halda áfram að vinna, hvað sem tautar og raular. Í Janus-prógramminu eru tímar í tölvufræði, íslensku og samfélagsfræði, nokkurs konar „atvinnuendurhæfing“ eins og Sigurlaug kallar það. Í tölvufræðinni er farið yfir Word og Excel forritin og í íslenskunni eru helstu atriði rifjuð upp og skerpt á íslenskukunnáttu þátttakenda. Samfélagsfræðin tekur á ýmsum þáttum þjóðlífsins og fyrirlestrarnir hafa verið um allt mögulegt, íslenskt samfélag og stjórnkerfi til að mynda. Þá hafa þátttakendur í prógramminu aðgang að ýmsum fagaðilum, eins og iðjubjálfa, lækni og sjúkraþjálfara. Mikið er lagt upp úr því að opna augu þátttakenda fyrir öðrum möguleikum á atvinnumarkaði. Það er deginum ljósara að Sigurlaug vinnur ekki erfiðisvinnu framfar á lífsleiðinni og því er mikilvægt að hún fái tækifæri til að

læra betur á t.d. tölvur, sem gæti aukið möguleika hennar á atvinnumarkaði síðar meir. Hún segir að draumurinn sé auðvitað að komast aftur út á vinnumarkaðinn, í hálfstarf til að byrja með.

#### Gott að vera í öflugu félagi

„Ég á þessu prógrammi allt að þakka, ætli ég lægi ekki bara í rúminu ef þetta hefði ekki komið til. Ég á líka afar góða fjölskyldu og traustan vinahóp sem hefur staðið eins og klettur við bakið á mér í veikindunum. Ég verð auðvitað aldrei fullkomlega sátt við að hafa lent í þessum hremmingum, en ég er eins sátt og ég get orðið. Fólk sem sér um Janus-prógrammið er hreint út sagt framúrskarandi, jákvætt og yndislegt.“ Þegar Sigurlaug lítur um öxl getur hún ekki annað en þakkað forsjóninni fyrir að hafa verið í sterku og öflugu stéttarfélagi, og hafa ekki unnið mikið svarta vinnu um ævina. Það sé gott að finna fyrir því núna að hún sé ekki baggi á þjóðfélaginu, ofan á allt annað. Þær bætur sem hún hefur verið að fá frá VR séu peningar sem hún sé sjálf búin að vinna fyrir. ■



## JANUS - endurhæfing

# Hélt ég væri ómissandi

Fyrsta skrefið er að sætta sig við takmörk sín

Halldór Björnsson er 57 ára gamall og var búinn að vera frá vinnu í þrjá mánuði þegar VR hafði samband við hann og bauð honum að taka þátt í Janus-prógramminu. Hann hafði lengi unnið erfiðisvinnu, þar af síðastliðin 15 ár í ávaxta- og grænmetisdeildum stórmarkaða. Hann lenti í óhappi í vinnunni, fékk slink á hálsinn og aðra öxlina og seint virtist ætla að gróa um heilt. En hann þráaðist við og hélt áfram að vinna og hlífði sér hvergi.

### Er hola í vatninu?

Þannig liðu tvö ár, með tíðum heimsóknum til lækna, þrotlausri sjúkraþjálfun og sárum verkjum. „Sjúkraþjálfarinn spurði mig eitt sinn hvort ég héldi að ég væri ómissandi. Ég sagðist nú reyndar halda það. Þá bauð hann mig um að fylla glas af vatni, stinga fingrinum ofan í það, taka hann svo upp úr vatninu og athuga hvort það væri hola í vatninu eftir fingurinn. Ef svo er, ertu ómissandi, sagði sjúkraþjálfarinn“. Þessi saga kenndi Halldóri að það kæmi alltaf maður í manns stað, hann fór að hlífa sér betur og reyndi meðal annars að vinna hálfan daginn. En allt fór í sama horfið, hann var fljótlega byrjaður að vinna allan daginn aftur, verkirnir ágerðust og hann gafst upp og hætti að vinna.

### Andlega hliðin mikilvæg

Þremur mánuðum síðar byrjaði hann í Janus-prógramminu. Hann segir að það hafi komið sér á óvart hvað mikil rækt var lögð við andlegu hliðina. Hver dagur byrjaði á kaffispjalli þar sem sjúkraþjálfari, iðjuþjálfari eða félagsráðgjafi leiddu umræðurnar. Þar var farið í vinnustöður, vinnuhagræðingu, teygjuæfingar og ekki síst talað um þær sálrænu afleiðingar sem veikindi, skert vinnugeta og atvinnuleysi hafa á okkur mannfólkið. Halldór hélt satt að segja að hann væri að fara að sprikla í leikfimi allan liðlangan daginn, en hann er hæstánægður með þetta fyrirkomulag. „Þegar maður veikist verður maður svo óánægður með sig og rífur sjálfan sig miskunnarlaust niður. Mér fannst ég ekki hafa þrek eða getu til eins eða neins, þurfti alltaf að vera að hvíla mig og hlífa mér. Ég upplifði mig stundum eins og hálfgerðan „aumingja.“ Það ætlar sér enginn að verða þunglyndur en ef fólk kemst ekki til vinnu og hangir heima hjá sér dag eftir dag og jafnvel mánuð eftir mánuð verður það fljótt ansi niðurdregið. Og svo er það tekjutapið, ekki bætir það úr skák.“

### Samfélagsfræðin áhugaverð

Halldór segir að starfsfólkið hjá Janusi sé einstaklega jákvætt og yndislegt. Þátttakendur hafi lært margt mjög gagnlegt og víða var komið við. Í samfélagsfræðinni sem Halldór hrósar sérstaklega, var fjallað um allt milli himins og jarðar; kynþáttafordóma, til-

finningalíf atvinnulausra, kapitalismann, refsilöggjöfina og margt fleira. Einnig fékk hann kennslu í tölvufræði, íslensku og hönnun. Honum finnst það hreinlega hafi verið forréttindi að fá að vinna svona með sjálfan sig með aðstoð þessa frábæra fólks. Hann tekur sérstaklega fram hvað það hafi verið gott að hafa aðgang að öllum þessum læknum, sjúkraþjálfurum og iðjuþjálfum með áhyggjur sínar. Oft á tíðum sé nefnilega ekki heiglum hent að komast að hjá þessum aðilum, en í prógramminu var allt á einum stað.

### Fékk draumastarfið

Halldór er kominn í vinnu á nýjan leik og í draumastarfið. Hann sér um gæða- og framstillingarmál allra grænmetis- og ávaxtadeilda í Kaupásverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Í því starfi fær hann að meðhöndla ávexti og grænmeti sem honum finnst vera lifandi og skemmtileg vara sem gaman sé að vinna með, en þarf ekki að bera þunga kassa og eyðileggja á sér skrokkinn. „Ég öðlaðist mikla trú á sjálfan mig og mína vinnugetu á nýjan leik. Fyrsta skrefið er að sætta sig við takmörk sín og byggja sig upp frá því. Ég hefði eflaust ekki getað það með jafn góðum árangri ef mér hefði ekki boðist að taka þátt í þessu prógrammi og ég vil þakka VR hjartanlega fyrir þetta framtak og óska þess innilega að fleiri fái tækifæri til að nýta sér það. Semsagt eitt stórt TAKK.“ ■



Elías Magnússon forstöðumaður kjarasviðs VR

Nýlegur úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, í máli blaðbera gegn þrotabúi DV, grefur undan stöðu fjölda launþega á vinnumarkaði, segir Elías Magnússon, forstöðumaður kjarasviðs VR. Úrskurðurinn hefur í för með sér að stéttir sem ekki eiga beina tilvísun í kjarasamninga hafa ekki þau lágmarksréttindi sem kjarasamningar fela í sér, sbr. lágmarkslaun, auk þess sem réttarstaða þeirra er eingöngu byggð á lögum en ekki kjarasamningum. Munur á lögum og kjarasamningum er oft umtalsverður og skiptir því talsverðu máli hvort gildir.

### Krafist launa í uppsagnarfresti

Útgáfufélagið DV ehf var tekið til gjaldþrotaskipta í nóvember 2003 og fengu um 400 blaðberar sem störfuðu hjá félaginu uppsagnarbref. VR tók að sér að aðstoða blaðberana við innheimtu launa og gerði kröfu um greiðslu í uppsagnarfresti fyrir þeirra hönd í þrotabúið. Skiptastjóri hafnaði kröfu þeirra á þeim grundvelli að ákvæði um uppsagnarfrest í kjarasamningi VR giltu ekki heldur einungis lög. Var þá afráðið að fara með mál eins blaðberans fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Viðkomandi blaðberi hafði starfað hjá DV í ellefu mánuði þegar félagið varð gjaldþrota. Gerð var krafa um laun í uppsagnarfresti samkvæmt kjarasamningi VR og Samtaka atvinnulífsins frá árinu 2000 en samningurinn kveður á um að uppsagnarfrestur sé þrjú mánuðir eftir sex mánuði í starfi. Blaðberinn

## KJARAMÁL

# Blaðberadómur

## Grafið undan réttindum launafólks

eigi því rétt á launum í þrjú mánuði í uppsagnarfresti, sem bundinn var við mánaðamót. Lögin kveða hinsvegar ekki á um neinn uppsagnarfrest.

### Deilt um kjarasamningsaðild blaðbera

Að mati VR féllu blaðberarnir undir kjarasamning VR og SA. Í máli VR var bent á að almennir starfsmenn dagblaða aðrir en blaðamenn byggja kjör sín á samningnum og hafi kröfur þeirra verið samþykktar af skiptastjóra. Þá var vísað til þeirrar umræðu sem varð um réttarstöðu blaðbera við gjaldþrot Fréttar árið 2002 en í kjölfar þess gerði VR kjarasamning við útgáfufélag Morgunblaðsins um störf blaðbera hjá því fyrirtæki. VR hafi óskað eftir viðræðum við Fréttablaðið um gerð sérsamnings en þeim viðræðum hefði ekkert miðað.

Lögmaður þrotabúsins mótmælti því að blaðberar ættu rétt til launa í uppsagnarfresti skv. kjarasamningi VR. Ekki væri hægt að vísa í ákvæði kjarasamnings í þessu máli þar sem ekki hafi verið samið um kaup og kjör blaðbera á vinnumarkaði. Blaðberar falli ekki undir þær starfsgreinar sem kjarasamningur VR og SA taki til og því sé ekki hægt að líta til ákvæða samningsins sem lágmarksréttindi blaðberanna, hvað sem líði samningi VR og útgáfufélags Morgunblaðsins. Um réttarstöðu blaðbera Útgáfufélags DV gildi því lög en ekki kjarasamningar og lög um uppsagnarfrest geri ekki ráð fyrir að starfsmenn eigi





uppsagnarfrest fyrr en eftir eitt ár í starfi og þá aðeins einn mánuð.

### Engin kjarasamningsbundin lágmarksréttindi

Dómurinn féllst ekki á rök VR í málinu og hafnaði kröfunni. Elías Magnússon, forstöðumaður kjarasviðs VR, segir úrskurðinn vekja áleitnar spurningar um stöðu manna á vinnumarkaði sem ekki falli beint undir skilgreiningu kjarasamninga. „Þessi úrskurður þýðir að allir sem ekki eiga beina tilvísun í kjarasamninga, það er að segja eru ekki beinlínis taldir upp í kjarasamningi, búa ekki við þau lágmarksréttindi sem kjarasamningar á almennum vinnumarkaði kveða á um.“ Um réttindi þeirra gilda einungis lög, s.s. lög um orlof, lög um uppsagnarfrest og veikindi, segir Elías, þeir hafi því ekki grundvallarréttindi, sbr. lágmarkslaun. „Miðað við þennan úrskurð má segja að lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lög nr. 55 frá árinu 1980, tryggi starfsfólki ekki öll þau lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningum eins og þeim var upprunalega ætlað.“

„Þetta hlýtur að vekja okkur til umhugsunar um stöðuna á vinnumarkaði hér á landi. Aukin harka virðist vera að færast í samskipti starfsmanna og atvinnurekenda og dómur af þessu tagi, sem eru nú mun algengari en áður, gera ekkert annað en grafa undan réttarstöðu launafólks.“ ■

## Ávísun á fríð

Orlofsávísun VR er nú send til félagsmanna í fjórða sinn. Þeir sem fá ávísunina senda eru fullgildir félagsmenn sem greitt hafa samfleytt til félagsins í 2 ár. Ávísunin er að upphæð kr. 5.000, þeir sem hins vegar nýttu sér ekki ávísun sína á síðasta ári fá nú ávísun að upphæð kr. 7.500.

Samstarfsaðilum hefur fjölgað frá síðasta ári og ættu félagsmenn því að hafa fleiri tækifæri til að nýta sér ávísunina til verðlækkunar á ferðum sínum, hvort sem þeir ferðast innanlands eða utan.

Rétt er að taka fram að orlofsávísunin gildir út árið 2005 og skal einungis notuð af þeim sem hún er stíluð á og er ekki framseljanleg.

Nánari upplýsingar í þjónustuveri í síma 510 1700 og á [www.vr.is](http://www.vr.is)

## Félagsmenn VR með erlent ríkisfang

Í október sl. voru tæplega 500 félagsmenn VR með erlent ríkisfang skv. félagaskrá VR. Af þeim eru langflestir Danir eða 60 manns, þar á eftir koma Svíar, Pólverjar og Bandaríkjamenn sem eru á fjórða tug hver og þá Þjóðverjar og Júgóslavar sem telja á þriðja tug og síðan koll af kolli. Alls reyndust þeir vera frá 66 þjóðlöndum. Þá eru þeir ótaldir sem eru af erlendu bergi brotnir en eru með íslenskan ríkisborgararétt, við lauslega skoðun gætu þeir einnig verið um 500.

## VIÐTALIÐ

# Stöðugt reynir á fleiri svið vinnuréttarins

Pétur Blöndal ræðir við Guðmund B. Ólafsson lögmann VR

Það er notalegt andrúmsloft á lögmannsstofu Guðmundar B. Ólafssonar á Barónsstíg. Á veggjunum hanga myndir sem margar hafa verið keyptar á uppboði á herra- kvöldum Fram, húsgögnin látlaus og gamalgróin eins og þau hafi verið byggð með húsinu og sjálfur brosir hann vinalega á meðan hann er í símanum og sinnir erindi skjól- stæðings.

Guðmundur var ráðinn til VR eftir útskrift 1989 og starfaði á skrifstofu VR til ársloka 2002. „Þá opnaði ég eigin lögmannsstofu og fékk inni hjá vini mínum Erni Clausen, sem verið hefur lögmaður VR síðan um 1960,“ segir Guðmundur. „Okkar samstarf hófst þegar ég hóf störf hjá VR og því fer vel á því

að við vinnum hér saman. Það er ómetanlegt fyrir mig að hafa jafn reynslu mikinn og skemmtilegan mann mér við hlið og nú ekki er verra að hann er líka Framari.“

Ástæðuna fyrir því að Guðmundur fór út í sjálfstæðan rekstur segir hann vera að hann hafi viljað breyta til eftir tæplega 14 ára starf.

Guðmundur er þó áfram lögmaður félagsins og félaginu til ráðgjafar um kjaramál og önnur atriði sem upp koma í starfseminni. „Ég vinn mikið með kjaramáladeild VR og held reglulega með þeim fundi. Þá sinni ég ýmsum öðrum störfum fyrir VR sem upp koma í starfseminni. En ég tek einnig að mér önnur mál sem leitað er til mín með s.s. verjendastörf í opinberum málum auk margvíslegra annarra verkefna. Það eru í raun fá takmörk á því, sem gefur starfinu mikinn fjölbreytileika.“

### Fæddur og uppallinn Framari

Guðmundur B. Ólafsson er fæddur árið 1962, sonur Margrétar Víkar Guðmundsdóttir húsmóðir og Ólafs Jónssonar lögfræðings, sem lést fyrir rúmum tuttugu árum. Ólafur starfaði m.a. sem lögreglufulltrúi, tollgæslustjóri og loks sem framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins. Það má segja að Guðmundur hafi kosið sér frama hinumegin við borðið með því að ráða sig til VR. Var það nokkuð erfið ákvörðun? „Nei, en í sjálfu sér hafði ég aldrei hugsað mér þetta sem starfsframa,“ segir Guðmundur. „Hlutirnir æxluðust bara þannig. Gunnar G. Schram lagarófessor við Háskóla Íslands benti mér á að það væri að losna starf hjá VR. Ég fór í viðtal hjá Magnúsi L. Sveinssyni, þáverand formanni VR, og var ráðinn í viðtalinu. Mér leið síðan vel hjá VR og erfitt að hætta.“ >>



Lögfræðingar VR í nærfellt 50 ár, Örn Clausen hrl. og Guðmundur B. Ólafsson hrl.



Guðmundur er uppalinn í Háaleitishverfinu í Reykjavík, býr þar enn og má segja að hann sé fæddur Framari. Hann byrjaði í handbolta og fótbolta, en var þó mest í fótbolta upp að meistaraflokki. Hann var síðan áfram virkur í starfi Fram og er nú formaður aðalstjórnar.

„Ég er mikill félagsmaður og vil veg félagsins sem mestan. Ég naut þess starfs sem unnið var í félaginu er ég var yngri og því er eðlilegt að ég leggi mitt af mörkum til félagsins nú. Það er einnig gaman að geta haft áhrif á sitt umhverfi. Ég bý í hverfinu og vil stuðla að því að félagið og íþróttastarf fái framgang og börn hafi aðgang að hollri hreyfingu. Þetta getur verið mikil vinna og það tekur sinn tíma þegar staðið er í framkvæmdum, en svo er það gefandi þegar vel gengur,” segir hann. „Það hafa verið frekar mögur ár undanfarið, - en bjart framanundan“ bætir hann við og hlær.

### Spilar golf eldsnemma á morgnana

Guðmundur gekk í Álfamýraraskóla, fór síðan í Menntaskólann við Hamrahlíð og þaðan í Háskóla Íslands. Hann segist ekki hafa ákveðið að fara í lögfræði fyrr en rétt áður en hann skræði sig í Háskólann. „Eflaust hefur það haft einhver áhrif að systir mín er lögfræðingur og pabbi var lögfræðingur. En það var nú samt ekki sjálfgefið.”

Nanna E. Harðardóttir, forstöðumaður í KB banka, er eiginkona Guðmundar og eiga þau

þrjú börn, Margréti Nönu, sem er 15 ára, Birki Smára, sem er 10 ára, og Hörð Egil, sem er 5 ára. Það liggur auðvitað beint við að spyrja hvort þau séu í fótbolta? „Þessi tíu ára er í fótbolta og hinn er að byrja,” svarar Guðmundur og bætir við að árangurinn sé ekki höfuðatriði. „Ég hugsa þetta nú ekki sem lífeyrinn minn,” segir hann og brosir. „Mér finnst mikilvægt að þau fái tækifæri til að stunda íþróttir og njóti þess. En ég vona samt að þau verði betri en ég var,” klykkir hann út með og hlær.

**„Mér finnst afar jákvætt hvaða breyting hefur orðið á stéttarfélagunum og að félagsmenn skuli orðnir mun meðvitaðri um það starf sem þar fer fram.”**

Guðmundur er enn að jafna sig síðan hann lenti í því í sumar á pollamóti í Eyjum að skreppa í gólf, renna til á teig og ökkla-brotna. „Þá rann golftímabilið út í sandinn,” segir hann. „En ég er áhugamaður um golf,

þó að áhuginn sé nú meiri en getan. Ég hef verið duglegur við að fara eldsnemma á morgnana í golf og átt ljúfar morgunstundir á golfvellið. Með því kem ég í veg fyrir að golfið bitni of mikið á fjölskyldunni.”

### Margt áunnist í réttindamálum

Gríðarleg uppbygging hefur átt sér stað hjá VR í þann tíma sem Guðmundur hefur unnið þar og samfélagið hefur breyst líka. „Ég held að gæfa VR hafi m.a. falist í því hvað Magnús L. Sveinsson fv. formaður var alltaf opinn fyrir nýjum hugmyndum og aðferðum, þrátt fyrir að vera lengi við stjórnvölinn, og átti það bæði við um kjarasamningagerð og almenna þjónustu við félagsmenn. Auðvitað voru sumar hugmyndirnar sem við unga fólkið bárum upp alveg út í loftið, en þá kom reynsla hans fram. Síðar meir með komu Gunnars Páls Pálssonar sem formanns hafa verið tekin farsæl skref í átt til enn meiri framfara og eflingar félagsins.”

Stéttarfélag eru orðin meiri þjónustufyrirtæki en áður, að sögn Guðmundar. „Þau þurfa að sýna sig meira og hafa meira fyrir því. Það kemur ekki síst fram í auglýsingum. Áður voru aðeins auglýstir fundir, en nú auglýsa öll stéttarfélag sína þjónustu og minna á sig. Mér finnst afar jákvætt hvaða breyting hefur orðið á stéttarfélagunum og að félagsmenn skuli orðnir mun meðvitaðri um það starf sem þar fer fram.”



Margt hefur áunnist í réttindamálum á þessu tímabili, enda markvisst stefnt að því auka og bæta réttindi félagsmanna. Munar þar mikið um EES og mörg nýmæli í vinnurétti sem eru að miklu leyti fengin frá Brussel. En ekki hafa allar breytingar verið til góðs. „Það eru sífellt að koma upp fleiri spurningar um réttarstöðu starfsmanna, sem ef til vill var ekki ágreiningur um áður. Stöðugt reynir á fleiri svið vinnuréttarins, þar sem vinnuveitendur eru að gera ágreining um rétt starfsmanna og gildissvið kjarasamnings. Mér finnst sú þróun neikvæð og hún setur stéttarfélagin í erfiða stöðu.“

Sem dæmi um ágreiningsefni nefnir Guðmundur túlkun um hvað séu lágmarkskjör skv. kjarasamningi og síðan sé oft sett spurningamerki við atriði eins og trúnaðarskyldur starfsmanna, samkeppnishindranir, rafrænt eftirlit og eftirlit með tölvupósti. Hann segir það til dæmis hafa verið mikinn sigur þegar Persónuvernd úrskurðaði í einu máli sem VR fór með að vinnuveitanda væri hreinlega bannað að skoða tölvupóst starfsmanna. Að sögn Guðmundar er hvert einasta mál sem farið er með fyrir dóm sérstaks eðlis þar sem oft reynir á sönnun og grundvallarrétt starfsmanna og segir hann að því fylgir alltaf gleði þegar sigur vinnst. „Við höfum verið að vinna að ýmsum grundvallarmálum, s.s. jafnréttismálum og réttindum í fæðingarorlofi og það er alltaf ánægjulegt þegar maður finnur að eitthvað hefur mjakast í rétta átt.“

## Hent út í djúpu laugina

Guðmundur hefur setið í ýmsum samninganeftendum fyrir VR og segir að sér hafi verið hent út í djúpu laugina strax og hann byrjaði árið 1989 í svokölluðum þjóðarsáttarsamningum. „Ég sat fundina fyrir VR en þurfti síðan að kalla Magnús L. Sveinsson inn er fór að draga til tíðinda. Ég hef nú haft þá skoðun að Ásmundur Stefánsson þáverandi forsti ASÍ eigi mestan

heiðurinn af þeim samningnum. Hann var arkitektinn að þessu, náði góðu sambandi við forystumenn vinnuveitenda og fékk verkalýðshreyfinguna inn á þetta.“

Eftir þetta byrjaði VR að gera samninga til fjögurra ára. „Það þurfti kjark í að semja til svo langs tíma, en það skapaði meiri stöðugleika. Við vorum leiðandi í því. Einnig sömdum við við íslenska stórkaupmenn á undan Vinnuveitendasambandinu, sem olli nokkurri ólgu, en ég held það hafi verið rétt mat á stöðunni á þeim tíma hjá okkur.“

## „Við breyttum aðferðafræðinni, gerðum launakannanir og auglýstum hvað fólk hefði í laun og sköpuðum því fólk aðstöðu til að ná betri persónubundnum kjörum.“

Það sem hefur breyst í samningagerðinni á undanförunum áratug er að menn gera sér meira far um að skilja hagsmuni hvors annars. Þannig að menn hafa sameiginlegri sýn á hlutina. Síðan geta menn deilt um einstök atriði – og lægsta kaupnið verður áfram lægst. Raunar er skammarlegt hvað launataxarnir eru lágir ef miðað er við kjör meðlima VR. Þess vegna breyttum við aðferðafræðinni, gerðum launakannanir og auglýstum hvað fólk hefði í laun og sköpuðum því fólk aðstöðu til að ná betri persónubundnum kjörum. Þá veittum við fyrirtækjum aðhald með því að gera úttekt á fyrirtækjum ársins. Það er auðvitað aðeins dómur starfsmanna, en sem betur fer hafa margir stjórnendur tekið niðurstöðurnar til

sín og eru að endurskoða og bæta stöðu sína gagnvart starfsfólki.“

## Skemmtilegt og elskulegt starfsfólk

Guðmundur hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir VR. „Starf mitt hjá VR var mjög fjölbreytt, m.a. hafði ég afskipti af menntamálum verslunarfólks auk þess sem ég sat í stjórnnum fyrirtækja einkum í gegnum stjórnarsetu í Eignarhaldsfélagi Alþýðubankans sem VR var hluthafi í. Ég hef setið stjórnnum sem tengjast sjávarútvegi, hótellrekstri, fjármála fyrirtækjum, og var nú síðast í bankaráði Íslandsbanka. Það var gefandi að takast á við þessi verkefni og kynnast atvinnulífinu frá þessum sjónarhorni. Einnig kynntist ég mörgum forsvarsmönnum vinnuveitanda sem hjálpar líka til er kemur að kjarasamningum.“

Eftir að Guðmundur fór að starfa sjálfstætt segir hann sakna mest starfsfólksins hjá VR. „Það hefur verið bæði skemmtilegt og elskulegt fólk, sem mjög gaman var að vinna með, enda starfsandinn mjög góður. Þegar ég byrjaði voru tíu starfsmenn, en ég held þeir séu yfir fjörutíu í dag, sem sýnir hversu mikið umfang starfseminnar hefur aukist. Ég sat alla stjórnarfundi VR og átti mjög gott samstarf við stjórnarmenn. Og lít svo á að hluti af velgengni VR sé til kominn vegna þess að þar hefur gott fólk valist til ábyrgðarstarfa.“

Að síðustu segist Guðmundur eiga góðan vinalóp. „Það eru strákar sem voru með mér í lagadeildinni. Við hittumst oft og gerum okkur glaðan dag. Við köllum okkur Grínarafélagið og er ástæðan sú að ég held okkur hafi þótt við voðalega fyndnir – og grínlaust við höldum það ennþá. Í góðum félagsskap áttar maður sig á því að ef manni dettur eitthvað skemmtilegt í hug þá á maður að framkvæma það, en ekki geyma allt þangað til seinna.“ ■



Mánudagsmorgun, allir í kaffi, ég set upp grímuna og læt sparibrosið fylgja á meðan vinnufélagarnir skiptast á sögum helgarinnar. Ég hlusta þolinmóð og bíð eftir „réttu“ tækifærinu til að segja þeim frá því að ég hafi hitt konu síðastliðið föstudagskvöld. Tækifærið kemur bara ekki og kaffihléið er á enda. Ég verð að snúa mér aftur að vinnunni – vonsvikin. Árshátíðin er á næsta leiti og mig langar til að bjóða ástinni minni með, en hvernig?

## Í BRENNIDEPLI

# Að koma út!

## Samkynhneigðir á vinnumarkaði

Að deila lífi þínu með samstarfsfólki og taka þátt í samræðum á vinnustað er oft lykillinn að góðum vinnudegi og vellíðan í starfi. Sögur af makanum, fjölskyldunni, börnum, vinum, kunningjum, hvernig þú verð frítíma þínum og hvort þú ert að slá þér upp, eru fastir liðir eins og venjulega, en fyrir okkur lesbiur, homma og tvíkynhneigða eru málin ekki alltaf svona einföld. Viðmót samstarfsfólks og andrúmsloft á vinnustað getur skipt sköpum og jafnvel stýrt því hversu hreinskilin við erum í vinnunni um einkalíf okkar og fjölskyldu, og hvort við treystum okkur yfirleitt til þess að vera fullkomlega opinská og taka þátt í „óritskoðuðum“ samræðum. Sú ákvörðun að „koma út“ er auðvitað undir hinum samkynhneigða starfsmanni sjálfum komið, en það er ýmislegt sem þú samstarfsfélagi góður, verkstjóri, trúnaðarmaður, starfsmannastjóri eða yfirmanneskja, getur gert til þess að auðvelda þetta ferli og stuðla þannig að betra vinnuumhverfi fyrir alla og aukinni ánægju í starfi.

### Starfsmannastefna

Til að stuðla að vellíðan og þokkalegu sjálfsöryggi lesbía, homma og tvíkynhneigðra á vinnustað er fyrsta skrefið það að semja starfsmannastefnu þar sem m.a. er fjallað um sama rétt og möguleika allra starfsmanna án tillits til kynhneigðar, fylgja henni eftir og skapa vinnumenningu þar sem borin er virðing fyrir því hversu ólík við erum, sem einstaklingar og starfsfólk. Tilvist slíkrar stefnu gefur ekki aðeins til kynna að á vinnustaðnum ríki skilningur á því að fólk kunni ýmist að hneigjast til einstaklinga af sama kyni, gagnstæðu kyni eða báðum. Hún er jafnframt ótvíræð yfirlýsing um það að mismunun á grundvelli kynhneigðar verði ekki

liðin. Fjölbreytileikanum er hampað og fyrirheit gefið um það að allir skuli fá að njóta sín í starfi – án tillits til kynhneigðar. Næsta skref felst í því að tryggja að öll hlunnindi fyrir starfsfólk og aðstandendur þeirra standi samkynhneigðum og tvíkynhneigðum sömuleiðis til boða. Hér er ekki bara átt við formleg réttindi kjarasamninga eins og veikindaorlof, mæðra- eða feðraorlof, heldur líka óformlegan rétt eins og þátttöku í árhátíðum, ferðalögum og öðrum skemmtunum eða afsláttarkjör fyrir starfsmann og fjölskyldu hans, til dæmis í verslunum og líkamsræktarstöðvum. Við ráðningu nýs starfsfólks er mjög mikilvægt að gera því strax grein fyrir að hlunnindi standi öllum til boða óháð kynhneigð, að viðkomandi finni fljótlega að á vinnustaðnum ríki bæði opið hugarfar og að ekki sé gengið út frá því sem vísu að allt starfsfólk sé gagnkynhneigt. Tilkynningar um skemmtanahöld, fréttir af samstarfsfólki og annað sem er á döfinni geta auðveldlega endurspeglad þessar áherslur.

### Gott viðmót mikilvægt

Séu ofangreind atriði til staðar eru mun meiri líkur á að samkynhneigðu og tvíkynhneigðu starfsfólki líði vel í vinnunni, að það finni til öryggis og skynji að gert sé ráð fyrir því á vinnustaðnum. Svo má ekki gleyma því að viðmót samstarfsfólks, jákvætt og opið hugarfar ásamt skilningi á ólíkum lífsstíl, getur stuðlað að enn farsælla samstarfi og aðstoðað lesbiur, homma og tvíkynhneigða við að gefa kynhneigð sína skýrt til kynna á vinnustað. Á stærstu vinnustöðum má líka hugsa sér að ganga feti fram og hvetja yfirmenn og starfsmannastjóra til að hafa forgöngu um að koma á fót stuðnings- og

umræðuhópum fyrir samkynhneigt og tvíkynhneigt starfsfólk, þar sem það hittist reglulega og ræðir málefni sem snerta það sérstaklega. Þetta hafa nokkur stórfyrirtæki í Bretlandi gert með góðum árangri til þess að stuðla að aukinni vellíðan fólks á vinnustað. „Að koma út“ eða „koma úr felum“ er ferli sem tekur í raun engan enda í samskiptum fólks á vinnumarkaði, því að starfsmannahópurinn breytist, nýir yfirmenn taka til starfa, viðskiptavinir koma og fara og vinnustaðir flytja um set. Því þarf samkynhneigt starfsfólk stöðugt að minna á sig, telji það skipta máli fyrir vellíðan sína á vinnustað að kynhneigðin sé ekkert launungarmál.

### Vanhugsuð orð valda sársauka

Skýr starfsmannastefna sem tekur á mismunun vegna kynhneigðar, svo og formleg og óformleg viðurkenning á tilvist lesbía, homma og tvíkynhneigðra á vinnustað dugur hins vegar ekki alltaf til að koma í veg fyrir að fólk verði fyrir áreitni og fordómum af hálfu samstarfsfólks. Oft er hugsunarleysi einu um að kenna en viðkomandi starfsmáður þarf að finna að hann sé tekinn alvarlega og gera þarf gerandanum grein fyrir að áreitni af þessu tagi sé ekki liðin. Öll fræðsla er af hinu góða og hjálpar fólki oft við að átta sig á að vanhugsuð orð geta valdið öðrum miklum sársauka, fáfræði getur valdið djúpum sárum sem erfitt er að græða. Gott og samstillt starfsfólk er dýrmætasti auður hvers vinnustaðar, ekki bara hinn gagnkynhneigði meirihluti, heldur líka það fjölbæfa samkynhneigða og tvíkynhneigða fólk sem einnig er að finna á flestum vinnustöðum. Þegar grannt er að gáð verður margbreytileiki manna til að skapa fjölbreytt tækifæri og spennandi vinnuumhverfi! ■

Í BRENNIDEPLI

# Allir saman nú

Þáttur uppeldis í samræmingu vinnu og einkalífs



Ólafur Grétar Gunnarsson og Bjarni Þórarinnsson eru ráðgjafar hjá ÓB-ráðgjöf sem er fyrirtæki sem býður upp á fræðslu og ráðgjöf fyrir foreldra, vinnustaði, uppeldisstéttir, leik- og grunnskóla o.fl. Þeir telja barnauppeldi skipti miklu máli í sambandi við jafnvægi vinnu og einkalífs. Þeir bjóða uppá námskeið fyrir ömmur og afa, hvernig á að segja nei við börnin sín og um samræmingu vinnu og einkalífs og margt fleira áhugavert. VR leggur áherslu á fjölskyldumál í stefnu sinni og styrkti í því sambandi ÓB-ráðgjöf til að halda námskeið í grunnskólum um kynfræðslu og barneignir.

Þeir félagarnir hafa m.a. leitað í smíðju dr. Jean Illsley Clarke, sem sem ötull foreldrafræðari í Bandaríkjunum og hefur skrifað fjölda bóka. Ein þeirra er „Hvað mikið er nóg“ sem byggir á rannsóknarverkefni um tengingu milli ofdekrunar í æsku og vanlíðunar á fullorðinsárum annars vegar og uppeldisvandamála hins vegar og er hún fáanleg í íslenskri þýðingu.

## Látið börnin taka þátt í heimilisstörfum

Margt er áhugavert í bókinni, blaðamanni fannst athyglisvert þar sem fjallað er um þátt barna í heimilisstörfum.

Fyrir vaxandi atvinnuþátttöku kvenna ólust börn upp með því að taka virkari þátt í heimilishaldinu en almennt er í dag. Nú eru báðir foreldrar á vinnumarkaði, hafa langan vinnudag og því æ minni tími er fyrir barnauppeldi. Sjónvarpið og tölvan, koma í stað stunda með foreldrum sem m.a. fóru í að vinna hin ýmsu heimilisverk. Það er athyglisvert að 30% þriggja ára barna í Bandaríkjunum og 60% sex ára barna eru með sjónvarp í herberginu sínu og meðaláhorf barna á sjónvarp er 35 klst. á viku. Við skulum vona að svo sé ekki raunin á Íslandi.


Það er hollt fyrir börn að vinna heimilisstörf og skynsamlegt að kenna þeim smátt og smátt frá blautu barnsbeini. Fyrst fylgjast þau með foreldrum sínum vinna verkin, svo vinna þau verkin sjálf og eru minnt á eftir þörfum. Að síðustu vinna þau sjálfstætt án eftirlits. Rannsóknir segja að það hefur greinileg jákvæð áhrif á stöðu fullorðinna einstaklinga í menntakerfinu, á vinnumarkaðinum og í fjölskyldusamböndum ef þeir hafa tekið þátt í heimilisstörfum á unga aldri. Þá kom einnig í ljós að börnum sem höfðu tekið þátt í heimilisstörfum frá þriggja eða fjögurra ára aldri farnaðist betur snemma á fullorðinsárum. ■

Nánari upplýsingar um ÓB-ráðgjöf á heimasíðunni [www.obradgjof.is](http://www.obradgjof.is)

SAGAN

# 50 ár síðan VR varð hreint launþegafélag

Þróun kjarabaráttunnar



Upp úr miðjum áratug síðustu aldar, þann 28. febrúar 1955 gengu vinnuveitendur úr VR og félagið varð hreint launþegafélag. Síðan eru liðin 50 ár og ýmislegt drifið á daga VR. Magnús L. Sveinsson fyrrverandi formaður félagsins er manna fróðastur um söguna. Hann starfaði alls hjá félaginu í 42 ár, fyrst sem skrifstofu- og framkvæmdastjóri og síðar formaður. Á síðasta ári tók hann saman í bók þróun réttinda félagsmanna VR á síðustu fimm áratugum sem er mikill fengur fyrir félagið. Tilgangurinn með bókinni er að auðvelda fólki að sjá hvernig einstakir þættir í réttindamálum félagsmanna VR á vinnu- markaði hafa þróast á milli árunna 1955 og 2003.

## Magnús var spurður hvað honum þætti bera hæst í kjarabaráttunni á þessum 50 árum?

„Þegar á heildina er litið og til langs tíma held ég að það séu kjarasamningarnir um lífeyrissjóði. Það eru þó auðvitað fjölmörg önnur atriði sem í dag þykja sjálfsögð mannréttindi. Þá á ég við styttingu vinnutímans, atvinnuleysistryggingasjóð, sjúkrasjóð og orlofsheimilasjóð. Allt eru þetta þýðingarmikil atriði sem hafa skilað ómældum kjörum til félagsmanna.“ Magnús vill minna á að allt hefur þetta kostað baráttu og miklar fórnir. Hann vill líka nefna að þótt hægt hafi gengið hefur nú á síðustu árum tekist að bæta kjör þeirra lægst launuðu. „Kaupmáttur launa hefur til að mynda aukist meira á sl. 10-12 árum en nokkru sinni fyrr í sögu verkalýðshreyfingarinnar,“ segir Magnús að lokum. ■

Bókina er hægt að nálgast á skrifstofu VR og á [www.vr.is](http://www.vr.is)



## TRÚNAÐARMENN

# Starfið framundan

## Fylgist með á vefnum

### Fundir

Á morgunverðarfundum með trúnaðarmönnum, er farið yfir málefni líðandi stundar og trúnaðarmönnum gefinn kostur á að spjalla við formann félagsins. Næstu fundir verða 3. og 4. mars frá kl. 08:30 – 10:00. Hinir vinsælu hádegisverðarfundir verða á sínum stað á nýjan leik. Nánar auglýst á trúnaðarmannavefnum.

### Trúnaðarmannanámskeið

Námskeiðin verða með breyttu sniði á þessu ári. Þau verða byggð þannig upp að aðilar geti tekið þau í hlutum, í stað þess að taka þau í 4 daga í einu. Námskeiðin verða þematengd í t.d. kjaramál, sjóði VR, stéttarfélagsumhverfið og vinnumarkað.

### Réttur til að sækja námskeið

Trúnaðarmenn skulu halda óskertum dagvinnulaunum meðan þeir sækja námskeið. Hver trúnaðarmaður hefur rétt á að sækja námskeið og halda dagvinnutekjum í allt að eina viku á ári, enda séu námskeiðin viðurkennd af samningsaðilum. Samkvæmt samningi VR og SA skulu trúnaðarmenn halda dagvinnutekjum í allt að tvær vikur á fyrsta ári sínu sem trúnaðarmenn. Þetta gildir um einn trúnaðarmann

á ári í hverju fyrirtæki séu starfsmenn 5 - 50 en tvo trúnaðarmenn séu starfsmenn fleiri en 50.

Byrjað verður á kjaramálunum þar sem mest liggur á að kynna nýja kjarasamninga. Önnur námskeið verða auglýst á trúnaðarmannavefnum.

### Kjaramál 1

Fyrir nýja trúnaðarmenn

- 7. febrúar frá kl. 08:30 – 16:30 -kjarasamningur SA
- 8. febrúar frá kl. 08:30 – 16:30 – kjarasamningur FÍS
- 16. febrúar frá kl. 08:30 – 16:30 – kjarasamningur SA
- 21. febrúar frá kl. 08:30 – 16:30 – kjarasamningur SA
- 22. febrúar frá kl. 08:30 – 16:30 – kjarasamningur SA

### Kjaramál 2

Fyrir trúnaðarmenn sem setið hafa trúnaðarmannanámskeið 1

- 14. febrúar frá kl. 08:30 – 13:00 – kjarasamningur SA
- 15. febrúar frá kl. 08:30 – 13:00 – kjarasamningur FÍS
- 23. febrúar frá kl. 08:30 – 13:00 – kjarasamningur SA

ORLOFSHÚS

# Í sveitasælu yfir páskana

Sækið um fyrir 10. febrúar



Þá er tímabært að sækja um orlofshús um páskana en jafnan er mikil ásókn í húsin á þessum tíma enda margir frídagar, sem ekki er vanþörf á, eftir örstutt jólafrí hjá mörgum. Páskarnir eru nokkuð snemma á ferðinni í ár, en páskadag ber upp á 27. mars. Væri nú ekki ráð að freista þess að sækja um og láta skammdegisþreytuna líða úr sér í fallegu umhverfi?

Undanfarin ár hefur páskavikunni verið skipt í tvennt í nokkrum húsum til að gefa fleirum möguleika á að skreppa út úr bænum um páskana. Þetta hefur gefist vel og verður því gert aftur í ár. Vikunni verður skipt frá miðvikudeginum 23. mars til laugardagsins 26. og frá laugardeginum til þriðjudagsins 29. mars í átta húsum. Í öðrum húsum félagsins verður hægt að leigja vikuna alla eða frá **23. mars til 29. mars.**

Umsóknarfrestur er til 10. febrúar og þægilegast er að sækja um á

VR skop

## LAUNAKRÖFUR



heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is). Eyðublað fylgir þessu blaði og liggur auk þess frammi á skrifstofunni.

Að þessu sinni standa félagsmönnum til boða: 1 hús í Ölfusborgum, 2 hús í Vaðnesi, 20 hús í Miðhúsaskógi, 1 hús í Skyggnesskógi í Biskupstungum, 3 hús á Flúðum, 2 íbúðir í parhúsi á Kirkjubæjarklaustri, 2 hús á Einarstöðum, 3 hús í Húsafelli, 2 íbúðir á Stóra-Kambi á Snæfellsnesi, 1 hús í Stykkishólmi, 5 íbúðir á Akureyri og 2 hús í Varmahlíð í Skagafirði.

Úthlutun mun liggja fyrir 17. febrúar og fá allir umsækjendur sent bréf eða tölvupóst um niðurstöðurnar. Leigusamning þarf svo að undirrita á skrifstofu VR fyrir 2. mars. Leiguverðið páskavikuna alla er kr. 22.000 á Flúðum, Vaðnesi, Miðhúsum, Húsafelli, Skyggnesskógi og í Stykkishólmi eða þar sem er heitur pottur en á öðrum stöðum kr. 19.500. Hægt er að sækja um hálfu viku í Miðhúsaskógi, Húsafelli og í Varmahlíð og er verðið þá kr. 11.000. Úthlutunarreglur orlofshúsa VR eru á bakhlíð meðfylgjandi umsóknareyðublaðs. ■



VR og VA í eina sæng



Stærsta opna golfmót sumarsins



Grétar Hannesson og Edda Kjartansdóttir sæmd gullmerki VR

## LITIÐ YFIR FARINN VEG

# Annáll ársins 2004

## Helstu viðburðir á síðasta ári í máli og myndum

### Janúar

- Árlegur nýársfundur var haldinn 15. janúar. Þar voru kröfur VR í kjarasamningum kynntar fyrir trúnaðarráði og trúnaðarmönnum á vinnustöðum. Gengið var frá lista vegna kosninga á stjórn og trúnaðarráði og kynnt álit Siðfræðistofnunar Íslands um setu fulltrúa VR í stjórnnum á vegum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Á fundinum kom fram að níu af hverjum tíu félagsmönnum voru ánægðir með áherslur félagsins í kjarasamningaviðræðum. Þá mótmælti félagið opinberlega flötum niðurskurði í heilbrigðiskerfinu.
- Í janúar hófust fjölmörg námskeið á vegum VR fyrir félagsmenn auk hinnar sívinsælu fyrirlestraraðar í hádeginu.
- Sendar voru út orlofsávisanir til félagsmanna VR sem giltu sem afsláttur af ferðapjónustu ýmisskonar.
- Haldið var námskeið fyrir trúnaðarmenn þar sem Ólafur Þór Ávarsson geðlæknir fjallaði um streitu.
- VR gerði starfssamning við fyrirtækið Janus endurhæfingu sem er fyrirtæki sem vinnur að því að flýta endurkomu sjúklinga á vinnu- markað eftir veikindi eða slys. Samþykkt var að styrkja 10 félagsmenn í þrjá mánuði á árinu til meðferðar hjá Janus.

- Um áramótin gengu formlega í eina sæng VR og Verslunarmannafélag Akraness.

### Febrúar

- Morgunfundir með félagsmönnum voru á sínum stað frá febrúar og fram í maí.
- VR tók að venju þátt í Framadögum sem er vettvangur háskólastúdenta til að kynna sér atvinnulífið.
- Á íslensku auglýsingahátíðinni þann 27. febrúar fengu VR og auglýsingastofan Gott fólk MacCann Erikson þrjár viðurkenningar fyrir auglýsingaherferðina „Það þýðir lítið að skammast í hljóði“ sem beint var að ungum félagsmönnum.

### Mars

- Nýtt og veglegt VR blað kom út í nýju broti eingöngu helgað orlofsmálum.
- Lokaverkefnastyrk ársins hlaut Hildur Friðriksdóttir sem lauk meistaraþrófi í félagsfræði frá HÍ. Verkefni hennar var vinnustreita og samþætting fjölskyldulífs og atvinnu.
- Aðalfundur VR var haldinn 29. mars á Nordica hotel. Þar kom m.a. fram að fullgildum félagsmönnum fjölgaði um tæplega 3% frá árinu áður og voru í lok árs 2003 yfir 20 þúsund alls. Auk þess kom fram að um 19% aukning var á þjónustu við félagsmenn.

- Þá var kosið í stjórn og trúnaðarmannaráð skv. tillögum uppstillinganefndar þar um.

### Apríl

- VR mótmælti opinberlega lengri opnar-tíma verslana og harmaði þá fyrirætlan Kringlunnar og Smáralindar að hafa opið á almennum frídögum eins og skírdegi, sumardegnum fyrsta og 1. maí.
- Í apríl var hleypt af stokkunum auglýsinga-herferðinni 50+ í þeim tilgangi að varpa ljósi á stöðu félagsmanna á vinnumarkaði sem eru eldri en 50 ára. Auglýst var í sjónvarpi, dagblöðum og tímaritum og vakti herferðin töluverða athygli.
- Í apríl voru Grétar Hannesson og Edda Kjartansdóttir sæmd gullmerki VR fyrir áratuga starf í þágu félagsins.
- Kjarasamningur við FÍS var undirritaður 4. apríl og samþykktur í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna og samningur við SA var undirritaður þann 21. apríl og var hann samþykktur með miklum meirihluta. 72% af þeim sem greiddu atkvæði samþykktu samninginn. Kosningabátttaka var dræm í báðum kosningum. Kosið var rafrænt um kjarasamningana og er það í fyrsta sinn hér á landi sem það er gert.





Kjarasamningur við SA undirritaður



Kjarasamningur við FIS undirritaður



Mæðgin á ASÍ þingi, Marólína Magnúsd. og Magnús Bogason

## Máí

- Að venju var félagsmönnum boðið til kaffisamsætis eftir útfundinn á Ingólfstorgi á frídegi verkamanna 1. maí.
- Á uppstigningardag var félagsmönnum 70 ára og eldri boðið til kaffisamsætis á Hótel Íslandi. Um 700 manns sóttu samkomuna.
- Úrslit í Fyrirtæki ársins 2004 voru kunngjörð í maí. Í flokki stærri fyrirtækja var Medcare Flaga ehf. í fyrsta sæti en sigurvegari í flokki minni fyrirtækja var Hagvangur ehf. Hástökkvarar voru Hekla í flokki stærri fyrirtækja og Merkúr í flokki minni fyrirtækja.
- Vefur VR, www.vr.is, tók miklum breytingum á árinu bæði hvað varðar útlit og þjónustu. Á vefnum gefst félagsmönnum nú kostur á að sækja um lykilorð sem veitir þeim aðgang að upplýsingum um stöðu sína í sjóðum VR, greiðslu félagsgjalda og þjónustu sem þeir hafa sótt til félagsins. Þá var opnaður samskiptavefur fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum.
- Úthlutun orlofshúsa var lokið í maímánuði. Um 1300 fjölskyldur dvöldu í orlofshúsum félagsins sumarið 2004.

## Júní

- Í byrjun júní var Neyðarlínan dæmd af Hæstarétti til að greiða félagsmanni VR rúma milljón króna í bætur vegna brota á jafnréttislögum. Fyrirtækið gekk framhjá konu við ráðningu í starf varðstjóra.
- Þá staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í máli félagsmanns, konu, sem sagt var upp á reynslutíma. Konan var ófrísk þegar henni var sagt upp og komst Héraðsdómur að þeirri niðurstöðu að vinnu-

veitendur þurfi lögmæta ástæðu til uppsagnar á reynslutíma.

- Árleg ráðstefna verslunarmannafélaga í höfuðborgum Norðurlandanna var haldin í Stokkhólmi 7.-9. júní. Fjallað var m.a. um félagsaðild launþega í stórborgum og aðferðir til að kynna starfsemi stéttarféлага.
- Í júní fór fyrsti hópur félagsmanna VR til Calpe á Spáni en félagið samdi við ferðaskrifstofuna Sumarferðir um ódýrar ferðir til Spánar. Um 160 fjölskyldur voru á vegum VR í Calpe sumarið 2004.

## Júlí

- Opna VR golfmótið var haldið í þriðja sinn 31. júlí sl. með metþátttöku en alls 166 manns tóku þátt í mótinu. Var þetta stærsta opna mót sumarsins hjá Golfkúbbi Reykjavíkur í Grafarholti.

## Ágúst

- Á frídegi verslunarmanna, 2. ágúst, bauð VR félagsmönnum og fjölskyldum þeirra í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Að þessu sinni voru gestir 8.300.

## September

- Launakönnun ársins var kynnt í byrjun september; heildarlaun hækkuðu um 5% og grunnlaun um 6% frá fyrri könnun. Starfsfólk í afgangi á sérvöru / matvöru hækkaði mest (16%). Launamunur kynjanna var óbreyttur á milli ára, eða 22% m.v. heildarlaun. Rúmlega 5.500 félagsmenn VR tóku þátt í könnuninni eða 30% fleiri en árið áður.
- Morgunfundir hófust aftur eftir sumarfrí og stöðu fram í desember.
- Samið var við Endurmenntun HÍ um

námskeiðahald þessa vetrar og hófust námskeið vetrarins í september. Þá hófust aftur hádegisfyrirlestrarnir vinsælu.

## Október

- Ársfundur ASÍ var haldinn í lok október þar sem þemað var lífið í vinnunni og atvinnu- málafestna ASÍ. 72 fulltrúar VR sátu fundinn.

## Nóvember

- Auglýsingaherferðin Virðing fyrir verslunarmönnum hófst í nóvember þar sem leitast var við að vekja fólk til umhugsunar um afgangiðslustörf og nauðsyn þess að sýna þessari stétt manna kurteisi og virðingu. Auglýst var í sjónvarpi og dagblöðum.

## Desember

- Samið var við Sumarferðir, Heimsferðir og Úrval Útsýn um orlofsferðir á hagstæðu verði til Spánar og Krítar fyrir sumarið 2005.
- Sjúkrasjóður VR styrkti söfnun Rauða kross Íslands vegna náttúruhamfaranna í SA-Asíu um kr. 2.000.000.
- Héraðsdómur úrskurðar í máli blaðbera gegn þrotabúi DV. VR tók að sér að aðstoða blaðbera við innheimtu launa og gerði kröfu um greiðslu í uppsagnarfresti fyrir þeirra hönd í þrotabúið. Skiptastjóri hafnaði kröfunni og fór mál eins blaðbera fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur sem dæmdi skiptastjóra í vil. Úrskurðurinn felur í sér að stéttir sem eiga ekki beina tilvísun í kjarasamninga hafa ekki þau lágmarksréttindi sem kjarasamningar fela í sér, s.s. lágmarkslaun, auk þess sem réttarstaða þeirra er eingöngu byggð á lögum ekki kjarasamningum.

# krossgáta

|                   | KENUR             | FLÝTI        | GLENNIR UPP    | AVÖNTUR V JARÐ | HÆVA AÐ             | BÚK-STAFUR     | MÉNN                  | ÓTA FER HVAÐ-ÞURÐA |
|-------------------|-------------------|--------------|----------------|----------------|---------------------|----------------|-----------------------|--------------------|
|                   | OHENT-LIÐ         | 1            |                |                |                     | 25             |                       |                    |
|                   | ÁKRO-UR           |              |                |                |                     |                |                       | 11                 |
|                   | TÝNT              | 17           |                |                |                     | SKOLI-KROFF-AR |                       |                    |
|                   | SVINA-VEISLA      | ÁRSTÍÐ       | SNÁK-UM        | FUGL-AD-HEST   | 3                   |                |                       |                    |
| DAG-ANTYGG-UNAR   |                   |              |                | 19             |                     | KAN-EIÐS-TVEIR |                       | 5                  |
| BORÐAR            | 6                 |              |                |                |                     |                | RYTTJA-LAND-STARFID   |                    |
| BEISK-AR          |                   | 32           |                |                |                     | 19             |                       |                    |
| SANDIÐ            | →                 |              |                |                |                     | 35             | KEYRA-HLIC-ADIR       | 8                  |
| BRÓST             | 13                |              |                |                | FÖLUR               |                |                       |                    |
|                   |                   |              |                |                | SEINID              |                |                       |                    |
| HLAUP             |                   |              | STEND-LIK-LEGN | 24             | SKTOL-GRAN-MEYI     | 18             |                       | 51                 |
|                   |                   |              |                |                |                     |                |                       | ASK-ARNIR          |
| SLITA-LIT         |                   |              |                |                |                     |                |                       |                    |
|                   | VANN-UR ULL-AMBOD |              |                |                | STEYMA-HREINS-IR    |                |                       | 20                 |
| VONT-HELSI        |                   |              |                | 27             |                     |                | DANIKT-SMÁÐR-SVEIM-AR | 15                 |
| ORR-LESTA         | →                 | 34           |                |                | ÖNGLAR-SAMAN-MIKLA  |                |                       |                    |
| ÁUMAR             |                   |              |                |                | 16                  | ÖBAGDT         | OFN-KVELUR            |                    |
| FÉLAG             |                   | SKRÁNA-DVINA |                |                |                     | 9              |                       | HROKA-ÁFLOG        |
|                   | ÁRVEINA-HEST      |              | BLÓM-SLÁ       |                |                     | 21             | BRAN-STÖÐ             |                    |
| VERK-FARI         |                   |              |                |                | VOTAR-SKÁN          |                | 31                    |                    |
|                   |                   |              |                |                |                     |                |                       | ÓTATA-V-ÉFA        |
| FRÓÐI-SJUF-DVA    | →                 | 2            |                |                |                     | HYATUR-ÁR-ÁR   |                       | TVEIR-EINS-MARK    |
| STARFS-GRIN       | 22                |              | MAKA           |                | SK. ST. HERMA-EFTIR | 10             |                       | EIÐ-S-ÁR-DI-FISKIR |
| GATA Í REYKJA-VIK |                   |              |                |                |                     |                |                       |                    |
| FRUM-EFNI         |                   | HATID        |                |                | VORU-NEFTI-VERKUR   |                | KIRNA-REGN            | 12                 |
|                   | BÚA AÐ 2 EINS     |              |                |                |                     | 25             |                       | YFIR-MAFNI-HVAD    |
| BULLA             |                   |              |                | 33             |                     | HEY-MEISS      |                       | 37                 |
| HNOTT-UR + VIRDA  |                   |              |                |                |                     |                |                       | DEICA              |



## Verðlauna-krossgáta kr. 8000

Lausn krossgátunnar í nóvemberblaðinu var málshátturinn: „EKKI er það einum bót þó annar sé verri.“ Fjöldmargar lausnir bárust. Vinninginn hlaut að þessu sinni Unnur Gunnarsdóttir og er myndin af henni.

Lausnin í krossgátunni hér til hliðar er einnig málsháttur. Síðasti móttökudagur lausna er 1. mars nk. Vinsamlega látið kennitölu fylgja og skrifid „krossgáta“ utan á umslagid.

Utanáskriftin er VR-blaðið, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is)



Stjórn Lyfjatæknafélags Íslands talið frá vinstri: Særún Brynja Nielsdóttir, Lovísa Sigrún Svavarsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Bryndís Pétursdóttir og Sigríður Sigurðardóttir

## KYNNING

# Lyfjatæknafélag Íslands

## Fagfélög í samstarfi við VR

Lyfjatæknafélag Íslands var stofnað 31. janúar 1976 og er fagfélag starfandi lyfjatækna og defektrísa. Félagsmenn er annað hvort félagsmenn í VR eða SFR. Lyfjatækna á Íslandi eru um 230. Hlutverk Lyfjatæknafélagsins er að standa vörð um réttindi lyfjatækna, defektrísa og lyfjatæknanema og vinna að eflingu lyfjatæknanámsins. Lyfjatæknafélagið er í samstarfi við Endurmenntun HÍ um fyrirlestra og námskeið fyrir lyfjatækna. Haustið 2004 tók í gildi ný námskrá á Lyfjatæknaþraut Heilbrigðisskólans við Ármúla (FÁ) sem búið var að vinna að um árabil.

Helsta mál sem félagið er að vinna að um þessar mundir er að fá fest í lög og reglugerðir aukin réttindi lyfjatækna á Íslandi til samræmis

við þau réttindi sem lyfjatækna á hinum Norðurlöndunum hafa. Sett var á fót samráðsnefnd lyfjatækna, lyfjafræðinga og fleiri aðila sem málið er skylt til að vinna þessu brautargengi. Að því tilefni lét félagið vinna skýrslu þar sem gerður er samanburður á menntun íslenskra lyfjatækna og lyfjatækna á hinum Norðurlöndunum og verður hún gott innlegg í þá vinnu sem framundan er.

Unnið er að uppfærslu heimasíðu félagsins sem vonandi verður lokið fljótlega. Félagið er til húsa hjá VR í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7. Stjórn Lyfjatæknafélagsins skipa: Sigríður Sigurðardóttir, formaður, Lovísa Sigrún Svavarsdóttir, varaformaður, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, gjaldkeri, Bryndís Pétursdóttir, ritari og Særún Brynja Nielsdóttir, meðstjórnandi. ■

# FYRIRTÆKIÐ ÞITT OG LAUNIN



## FYRIRTÆKI ÁRSINS 2005 OG LAUNAKÖNNUN VR

Nánari upplýsingar er að finna á [www.vr.is](http://www.vr.is)

Könnunin verður send út fyrri hluta febrúar!

Starf okkar  
eflir  
þitt starf

# VR